



Fundargerð 14. fundar stjórnar SSA haldinn 13. desember 2021

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Pálína Margeirsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 13. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSH (531,532, aðalfundur, byggðasamlög),SSV (165), SSNV (71), SSNE (31), SASS (574,575,576,Aðalfundur), SSS (772,773) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.3 Fundargerð Sambandsins (903, Félagsmálanefnd, Fræðslunefnd) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.4 Fundargerð Stýrihóps (76) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.5 Fundargerð haustþings SSA 2021 – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.6 Fundarboð frá Sambandinu – Skör ofar – *Lagt fram til kynningar*
- 1.7 Höfuðborgarstefna – starfshópur – *Lagt fram til kynningar*
- 1.8 Breytt skipulag barnaverndar – *Tekið til umfjöllunar*

2. Innra starf SSA

- 2.1 Uppfærsla svæðisáætlana vegna lagabreytinga
Framkvæmdastjóri fór yfir erindi frá Sambandinu. Svæðisáætlun Austurlands rann út 2020, uppfæra þarf áætlun um úrgangsmál með tilliti til lagabreytinga. Framkvæmdastjóra falið að taka fund með sveitafélögunum og taka umræðu um næstu skref. Málið verður tekið aftur uppá fundi í janúar.
- 2.2 Umsögn SSA vegna fjárlaga 2022.
Framkvæmdastjóri og formaður fór yfir umsögn SSA vegna fjárlaga 2022.
- 2.3 Fundur starfshóps – almenningssamgöngur
Formaður sagði frá fundinum.
- 2.4 Almenningsamgöngur
Framkvæmdastjóri sagði frá. Vegagerðin tekur við rekstrinum um áramót. Búið er að ganga frá öllum samningum á milli Vegagerðarinnar og akstursaðila.
- 2.5 Samráðsskjal vegna pósthjónustu
Framkvæmdastjóri fór yfir samráðsskjal frá Byggðastofnun.
- 2.6 Fundur stýrihóps á Austurlandi 15. Nóv
Formaður sagði frá fundinum.
- 2.7 Fjallskilasamþykkt



Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Formanni falið að vinna málið með framkvæmdastjóra.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl 16:45